Ed. **188. Frumvarp**

til laga um sauðfjárbaðanir.

Flutningsmenn: Þórarinn Jónsson, Guðjón Guðlaugsson, H. Kristófersson.

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfje á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á sínu sauðfje og því, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, sem getur um í 6. gr.

3. gr.

Stjórnarráðið felur stjórn Búnaðarfjelags Íslands að annast um árlega pöntun á nægilegum baðlyfjum fyrir landið, og skal hún í samráði við dýralækna landsins ákveða, hvaða baðlyf nota skuli, og jafnframt gefa út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra. Hún annast jafnframt um, að baðlyfjapantanirnar verði settar upp á þær hafnir, sem hreppsnefndir óska þegar þær senda pöntun.

4. gr.

Stjórnarráðið auglýsir í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar, hvaða verð sje á baðlyfjum þeim, sem panta á hvert ár, svo snemma, að nægur tími sé fyrir hreppsnefndir til undirbúnings.

5. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu sjá um, að hver fjáreigandi hafi gert pöntun á nægum baðlyfjum á sitt sauðfje svo snemma, að komist geti til stjórnar Búnaðarfjelags Íslands fyrir 1. júlí ár hvert. Skulu sauðfjáreigendur jafnframt borga baðlyfin og þeir gera pöntun. En farist það fyrir, að einhver greiði andvirði baðlyfjanna til sveitarstjórnar, skal hún greiða það úr sveitarsjóði til bráðabirgða. En innheimta skal það tafarlaust og fylgir því lögtaksrjettur.

6. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa eftirlitsmenn, 1 eða fleiri í hverjum hreppi eða kaupstað, til þess að hafa eftirlit með böðununum, og skulu það vera menn, sem hafa þekkingu og æfingu í því starfi. Þeir annast um, að hver sauðkind sje böðuð, og að baðlögur sje með þeim styrkleika, sem ákveðinn er í reglum þeim, sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands gefur út til leiðbeiningar við baðanirnar, og yfir höfuð fylgja þeim í öllu. Fyrir starf sitt fá þeir 2 kr. á dag, sem greiðist úr sveitarsjóði.

7. gr.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.